

Alþingi
Erindi nr. P 135/351
komudagur 22.11.2007



Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og skattanefnd
Austurstræti 8 - 10
150 REYKJAVÍK

Samtök iðnaðarins
Federation of Icelandic Industries

Reykjavík, 20. nóvember 2007

Efni: Frumvarp til laga um brottfall laga um iðnaðarmálagjald, nr. 134/1993, með síðari breytingum, 11. mál.

Fyrir nær réttu ári var samhljóða frumvarp, 16. mál á 133. löggjafarþingi, sent Samtökum iðnaðarins til umsagnar.

Enn sem fyrr leggjast Samtök iðnaðarins eindregið gegn því að frumvarp þetta verði að lögum.

Samtök iðnaðarins leyfa sér að senda fyrri umsögn sína sem fylgiskjal með þessu bréfi og ítreka þau viðhorf sem þar koma fram. Þá fylgir einnig afrit af leiðara Íslensks iðnaðar í 10. tölublaði þess í október 2007, en þar frumvarpið gert að umtalsefni.

Að því er best verður séð er eina breytingin frá fyrra frumvarpi sú að nokkrum setningum er bætt við greinargerðina. Sérstök ástæða er til þess að minnast á niðurlag hennar en þar segir:

Reyndar má geta þess að í umsögnum tveggja síðastnefndu samtakanna kom fram að starfshópur á vegum forsætisráðuneytisins sé að störfum sem hafi það hlutverk að endurskoða gjalddöku í þágu hagsmunasamtaka í atvinnulífinu. Töldu samtökin rétt að staldra við og bíða eftir niðurstöðu starfshópsins og fara svo yfir málin heildstætt, þar sem málið væri margþætt og varðaði fjölmörg samtök atvinnuvega og launþega.

Merkilegt má heita að flutningsmenn frumvarpsins kjósa að geta að engu niðurstöðu starfshópsins í greinargerð sinni þrátt fyrir að hún hafi legið fyrir í tæpt ár eða frá því í desember 2006.

Skýrsla starfshóps ber heitið: *Lögbundin greiðsluskylda til hagsmunasamtaka og félagafrelsisákvæði stjórnarskrárinnar*. Í inngangi segir svo um verkefni og skipan nefndarinnar:

Í álitum umboðsmanns Alþingis frá 12. apríl 2002 í máli nr. 3204/2001 kom fram að verulegur vafi léki á því hvort tilhögun 6. og 8. gr. laga nr. 24/1986 um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins, sem tryggir Landssambandi smábátæigenda fjármagn, uppfyllti kröfur 74. gr. stjórnarskrárinnar.

Með erindisbréfi dags. 23. febrúar 2005 skipaði forsætisráðherra starfshóp til þess að leggja til viðbrögð við þessu álitum og huga jafnframt að því hvort sömu sjónarmið ættu við um gjalddöku í þágu félagasamtaka í öðrum atvinnugreinum. Í starfshópinu voru skipuð Guðríður M. Kristjánsdóttir, lögfræðingur sjávarútvegsráðuneytinu, Jónína S. Lárusdóttir, skrifstofustjóri iðnaðar- og viðskiptaráðuneytinu, Ólafur Friðriksson, skrifstofustjóri landbúnaðarráðuneytinu, Páll Þórhallsson, lögfræðingur forsætisráðuneytinu, en honum var jafnframt falið að gegna formennsku, og Ragnheiður Snorradóttir, lögfræðingur fjármálaráðuneytinu.

Starfshópurinn fjallar ítarlega um efnið og dregur síðan saman niðurstöður sínar. Niðurstaðan varðandi iðnaðarmálagjaldið og félagafrelsisákvæði stjórnarskrárinnar er afdráttarlaust:

3.3. Iðnaðarmálagjald

Samkvæmt lögum um iðnaðarmáliagjald nr. 134/1993 rennur gjald þetta til Samtaka iðnaðarins. Samkvæmt 3. gr. laganna skal tekjunum varið til þess að vinna að eflingu iðnaðar og iðnþróunar í landinu. Samtökin skulu senda iðnaðarráðuneytinu árlega skýrslu um ráðstöfun andvirðis teknanna.

Skorið var úr um það með dómi Hæstaréttar 1988, sbr. einnig dóm Hæstaréttar í máli nr. 315/2005, að gjaldtaka þessi stenst gagnvart 74. gr. stjórnarskrárinnar og er því ekki frekarl þörf á umfjöllun um það.

Það er raunalegt að háttvirtir flutningsmenn frumvarpsins skuli gera svo lítið úr niðurstöðum Hæstaréttar Íslands og fullyrða fullum fetum að í lögunum um iðnaðarmálagjaldið felist brot gegn stjórnarskrá. Það er býsna ómerkilegur málflutningur og leiðir óneitanlega hugann að því að flutningsmönnum gangi það helst til að koma höggi á Samtök iðnaðarins vegna málflutnings þeirra sem fellur þeim ekki í geð. Að frumvarpið sé af sömu rótum sprottið og hótanir þáverandi forsætisráðherra í upphafi árs 2002 þegar honum líkuðu ekki niðurstöður skoðana-könnunar sem Samtök iðnaðarins létu gera um Evrópumál.

Samtök iðnaðarins lýsa sig sem fyrir fús til þátttöku í endurskoðun þessara mála á þann veg að beinar fjárveitingar og markaðir tekjustofnar til einstakra atvinnugreina, stéttarféлага og hagsmunasamtaka þeirra verði skoðaðir í heild. Hins vegar er algerlega óásættanlegt að svipta iðnaðarmálagjaldi af án fyrirvara, á þeim forsendum sem flutningsmenn gefa sér, og án samhengis við það sem gert er á öðrum sviðum, eins og frumvarpið gerir ráð fyrir.

SAMTÖK IÐNAÐARINS



Helgi Magnússon, formaður

Meðfylgjandi: Afrit af umsögn Samtaka iðnaðarins frá 28. nóvember 2006.
Afrit af leiðara Íslensks iðnaðar, 10. tbl. 13. árg. 2007.

Pétur og iðnaðarmálagjaldið

Það er nokkuð algengt að þingmenn taki upp á sína arma tiltekin þverpólitísk baráttumál, sem skipta almenning miklu, á borð við hnefaleika, sumartíma, reglur um íslenska fánann eða sölu rauðvíns í matvöruverslunum. Þingmaðurinn Pétur Blöndal hefur fundið sér slíkt baráttumál sem er afnám iðnaðarmálagjalds. Hann flytur árlega frumvarp þessa efnis og hefur í ár fengið flokksbróður sinn, Sigurð Kára Kristjánsson, í lið með sér.

Frelsa iðnaðinn frá því að greiða til eigin samtaka

Að sjálfsögðu er ekkert við það að athuga að þingmaðurinn hafi þessa skoðun og fylgi henni fast fram. Breytir þar engu þó að þessi tillöguflutningur gangi þvert á stefnu síðasta Landsfundar Sjálfstæðisflokksins þar sem tillaga þessa efnis var felld í atkvæðagreiðslu. Það skiptir heldur engu máli að umræddur þingmaður hefur á öllum sínum langa þingmannsferli sýnt hagsmunamálum iðnaðarins fádæma áhugaleysi. Nú vill hann bæta fyrir þá vanrækslu með því að frelsa iðnaðinn frá því að greiða eigin samtökum þetta gjald.

Aldrei vanhæfir í eigin sök


Pétur, sem er formaður skattanefndar Alþingis, verður ekki vanhæfur til að fjalla þar um og afgreiða eigin tillögu. Alþingismenn verða nefnilega aldrei vanhæfir þótt þeir fjalli um eigin hagsmuni eða áhugamál og ekki heldur þegar við skattgreiðendur erum látnir greiða ótæpilega til stjórnmalaflokkanna. Þá eru hafðar skammar signingar og lítið ber á áhyggjum af félagafrelsinu.

SI vilja að samræmis verði gætt

Lögin um iðnaðarmálagjald eru rúmlega 30 ára gömul og því er ekki óeðlilegt að þau séu endurskoðuð. Samtök iðnaðarins telja hins vegar að það eigi að gera í samhengi við endurskoðun annarra markaðra tekjustofna. Í umsögn SI um síðasta frumvarp er bent á að það sé langt í frá einsdæmi að löggjafinn ráðstafi fé til tiltekinna atvinnugreina og heildarsamtaka með hliðstæðum hætti, beint úr ríkissjóði eða með mörkuðum tekjustofnum í sérstökum lögum. Vísast í þessu sambandi til umsagnar SI um málið sem er aðgengileg á vefsetri Samtakanna.

Falsrök

Rök þeirra Péturs og félaga fyrir nauðsyn þess að fella gjaldið niður eru annars vegar þau að gjaldtakan sé brot á reglum um félagafrelsi og hins vegar sé skylt að afnema gjaldið þar sem það brjóti í bága við stjórnarskrárbundið fjárveitingarvald Alþingis. Þessi málflytningur þeirra er beinlínis fyrir neðan allar hellur og hrein staðreyndafölsun. Nægir í því sambandi að benda á að tvö mál hafa verið rek in fyrir dómstólum, sem byggjast mjög á sömu forsendum og flutningsmaður leggur til grundvallar. Báðum hefur lokið á sama veg og Hæstiréttur staðfest lögmæti iðnaðarmála-



Sveinn Hannesson

frámkvæmdastjóri SI

gjaldsins í tvígang, að vísu í seinni umferð (4:1) með einu sératkvæði Ólafs Barkar Þorvaldssonar.

Niðurstaða liggur fyrir um lögmæti

Í desember 2006 skilaði starfshópur, sem skipaður var (í febrúar 2005) fulltrúum fimm ráðuneyta, skýrslu um lög- bundna gjaldtöku í þágu hagsmunasamtaka og félaga- frelsisákvæði stjórnarskrárinnar. Starfshópnum var komið á fót í kjölfar áhlits umboðsmanns Alþingis þar sem fram kom að verulegur vafi léki á því hvort tilhögun ákvæðis laga um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins, uppfyllti kröfur 74. gr. stjórnarskrárinnar um félagafrelsi. Í skýrslunni er fjallað um hvaða úrbætur þurfi hugsanlega að gera á löggjöf í kjölfar áhlits umboðsmanns varðandi greiðslumiðlun í sjávarútvegi, búnaðargjald og tryggingagjald.

„Ekki þörf á frekari umfjöllun um það“

Niðurstaða hópsins hvað varðandi iðnaðarmálagjaldið var hins vegar afar einföld og skýr. Hún er svohljóðandi: „Samkvæmt lögum um iðnaðarmálagjald nr. 134/1993 rennur gjald þetta til Samtaka iðnaðarins. Samkvæmt 3. gr. laganna skal tekjunum varið til þess að vinna að eflingu iðnaðar og iðnþróunar í landinu. Samtökin skulu senda iðnaðar- ráðuneytinu árlega skýrslu um ráðstöfun andvirðis tekanna. Skorið var úr um það með dómi Hæstaréttar 1988, sbr. einnig dóm Hæstaréttar í máli nr. 315/2005, að gjaldtaka þessi stenst gagnvart 74. gr. stjórnarskrárinnar og er því ekki frekari þörf á umfjöllun um það.“

Því miður virðist þessi niðurstaða hópsins hafa farið fram hjá Pétri. Er helst að skilja að enn sé beðið niðurstöðu þessa starfshóps. Niðurstaða hópsins var ekki jafn jákvæð varðandi ýmiss konar aðra lögbundna gjaldtöku. Má vænta þess að á næstunni verði lögð fram ýmis frumvörp til að bæta þar úr og verður fróðlegt að sjá viðbrögð Péturs og félaga þegar farið verður að lappa upp á þau lög sem nefndin telur að standist ekki ákvæði stjórnarskrár.

Fiskur undir steini

En hvers vegna fer Pétur Blöndal fram með slíkum þunga í þessu máli. Því svarar hann sjálfur í greinargerð með frumvarpinu. „Samtök iðnaðarins hafa haft uppi mjög ákveðnar skoðanir um ýmis pólitísk álitamál eins og aðild að Evrópusambandinu og upptöku evrunnar.“ Þar liggur hundurinn grafinn. Þetta er reyndar ekki í fyrsta sinn sem atлага er gerð að Samtökum iðnaðarins úr þessari átt fyrir sömu sakir.

fjárlagafrumvarpinu fyrir næsta ár þar sem um 320 m.kr. verður varið til sérstaks markaðsátaks. Þetta kemur í kjölfar 300 milljóna króna fjárveitingar á þessu ári og 150 milljóna árið 2003. Þar með hefur um 800 milljónum króna að núvirði verið varið sérstaklega af hinu opinbera til markaðsátaks í ferðaþjónustu á þremur árum, til viðbótar almennri markaðs og kynningarstarfsemi.”

- Ríkissjóður innheimtir sérstakt gjald til reksturs Útflutningsráðs til eflingar útflutnings.
- Fiskræktarsjóður er fjármagnaður með gjaldi á tekjur veiðifélaga og vatnsafisstöðva.
- Staðlaráð er fjármagnað að verulegu leyti með hluta af tryggingargjaldi.
- IcePro er fjármagnað að verulegu leyti með hluta af tryggingargjaldi.
- Lög um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda kveða á um að öllum atvinnurekendum sé skylt að greiða í sjúkrasjóði og orlofssjóði viðkomandi stéttarféлага iðgjöld þau sem aðildarsamtök vinnumarkaðarins semja um hverju sinni, og samkvæmt þeim reglum, sem kjarasamningar greina.
- Nýjasta dæmið um stuðning er samkomulag Menntamálaráðherra og fjármálaráðherra og samtaka í íslenski kvikmyndagerð um stefnumörkun til að efla íslenska kvikmyndagerð en þar er gert ráð fyrir allt að 2.370 milljóna króna framlagi árin 2007 – 2010. Kemur samkomulagið til viðbótar öðrum ráðstöfunum sem er ætlað að hvetja og efla kvikmyndagerð. Eykst stuðningurinn úr 370 milljónum í ár í 700 milljónir árið 2010.

Þessi upptalning hér að framan er einungis sett fram til þess að benda á að lög-gjafinn hefur sett margvísleg lög og reglur sem fela í sér meiri eða minni hliðstæðu við lögin um iðnaðarmálagjald.


Hafa þer í huga að iðnaðarmálagjaldið er einungis lagt á iðnaðinn sjálfan og ráðstafað til hans aftur. Því er ekki að heilsa í öllum þeim dæmum sem nefnd eru að ofan. Þar er almennu skattfé ráðstafað sértækra verkefna.

Benda má á að Starfshópur forsætisráðuneytisins er að störfum og hefur það verkefni að endurskoða gjaldtöku í þágu hagsmunasamtaka í atvinnulífinu. Ákvörðun um þetta var tekin í tilefni af tilmælum umboðsmanns Alþingis álit frá 12. apríl 2002 um ráðstöfun fjár af greiðslumiðlunarreikningum til hagsmunasamtaka í sjávarútvegi en óhjákvæmilegt þótti að slík endurskoðun tæki jafnframt til sams konar gjaldtöku í þágu félagasamtaka í öðrum atvinnugreinum.

Samtök iðnaðarins telja rétt að biða niðurstöðu þessa starfshóps og að Alþingi taki síðan heildstætt á þessum málum og forðist þannig að mismuna samtökum og atvinnugreinum en ekki verður betur séð að það sé einmitt það sem flutningsmaður þess frumvarps, sem hér er til umsagnar, hefur mestar áhyggjur af að núverandi fyrirkomulag geri.

Samtök iðnaðarins lýsa sig fús til þátttöku í endurskoðun þessara mála á þann veg að beinar fjárveitingar og markaðir tekjustofnar til einstakra atvinnugreina, stéttarféлага og hagsmunasamtaka þeirra verði skoðaðir í heild. Hins vegar er algerlega óásættanlegt að svipta iðnaðarmálagjaldi af án fyrirvara og án samhengis við það sem gert er á öðrum sviðum, eins og frumvarpið gerir ráð fyrir.

SAMTÖK IÐNAÐARINS


Helgi Magnússon, formaður